

SKÝRSLA STJÓRNAR TIL HLUTHAFA KVÍKU BANKA HF. UM ÁRANGURSMAT OG SJÁLFSMAT STJÓRNAR

Lögð fram á aðalfundi félagsins þann 26. mars 2020

Árangursmat stjórnar og sjálfsmat á samsetningu stjórnar

Sérstakt sjálfsmat á samsetningu stjórnar (framkvæmt í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópska bankaeftirlitsins (EBA)) og hefðbundið árangursmat stjórnar var síðast framkvæmt í janúar 2020 með aðstoð ráðgjafa.

Í viðmiðunarreglum EBA/ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja er gerð krafa um að stjórnir meti reglulega hvort þær búi yfir nægilegri þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna hlutverki sínu og skilja megin starfsemi fjármálafyrirtækisins, þ.á.m. helstu áhættuþætti. Í viðauka við viðmiðunarreglunar er að finna fyrirmynd að sjálfsmati á samsetningu stjórnar og tekur sjálfsmat bankans mið af því. Stjórnarmenn lögðu mat á þekkingu og reynslu einstaka stjórnarmanna annars vegar og stjórnarinnar sem heild hins vegar og var litið m.a. til þekkingar á starfsemi og skipulagi banka, helstu áhættuþáttum, stjórnarháttum, regluvörslu, stefnumótun og ákvarðanatöku. Jafnframt var lagt mat á samsetningu, styrkleika og veikleika stjórnarinnar.

Í árangursmati stjórnar var stjórn að leggja mat á störf sín á árinu 2019 ásamt því að meta m.a. störf forstjóra, stjórnarformanns og undirnefnda stjórnar. Jafnframt tók ráðgjafi viðtöl við stjórnarmenn og þá stjórnendur sem vinna mest með stjórninni.

Niðurstöður úr árangursmati stjórnar og sjálfsmati á samsetningu stjórnar gefa til kynna að stjórnarmenn eru með fjölbreyttan bakgrunn og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu¹. Samskipti innan stjórnar og gagnvart stjórnendum eru góð og aðilar vinna vel saman. Umræður á stjórnarfundum eru góðar, stjórnarmenn mæta vel undirbúnir á fundi, spyrja gagnlegra spurninga og koma með nýja sýn á málin.

Fjórir af fimm stjórnarmönnum gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ef aðrir núverandi stjórnarmenn hljóta endurkjör er, byggt á niðurstöðum sjálfsmats á samsetningu stjórnar, talin vera þörf á að fá stjórnarmann sem hefur töluverða reynslu af starfsemi og áhættustjórnun fjármálafyrirtækja.

¹ Nánari upplýsingar um stjórnarmenn er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu.